

KJARASAMNINGUR
milli
Samiðnar, sambands iðnfélaga f.h. aðildarfélaga
og
Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma
1. gr.

Inngangur

Samningur þessi kemur til viðbótar heildarkjarasamningi Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og aðildarfélaga Samiðnar sem félögin eiga aðild að og fjallar um samningstíma, gildistöku, samningsforsendur, afgreiðslu kjarasamninga og önnur sameiginleg mál.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við aðalkjarasamning Samiðnar og Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

2.gr.

Eingreiðslur

Með samþykkt samnings þessa greiðist sérstök eingreiðsla kr. 50.000 hverjum starfsmanni í fullu starfi sem er við störf í mars-maí. Starfsmenn sem létu af störfum í apríl fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í mars og apríl. Starfsmenn sem hófu störf í apríl eða fyrstu fimm dagana í maí og eru í starfi í maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í apríl og maí. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt í samræmi við starfshlutfall. Greiðslan skal innt af hendi þegar kjarasamningurinn hefur verið staðfestur eða eigi síðar en 1. júlí 2011.

Þann 1. júní greiðist 10.000 kr. álag á orlofsuppbót og síðan 15.000 kr. álag á desemberuppbót

3. gr.

Almenn launahækkun

1.6. 2011: 12.000 kr. að lágmarki 4,25 %.

1.3. 2012: 11.000 kr. að lágmarki 3,5%.

1.3. 2013: 11.000 kr. að lágmarki 3,25%.

1. mars 2014: Eingreiðsla kr. 38.000 miðað við þá sem eru í fullu starfi 1. janúar 2014. Þeir sem eru í hlutastarfi og /eða hafða starfað skemur fá hlutfallsgreiðslu.

Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu breytingum hlutfallslega á sömu dagsetningum, nema um annað hafi samist.

4. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2011 kr. 48.800

Á árinu 2012 kr. 50.500

Á árinu 2013 kr. 52.100

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2011 verði orlofsuppbót kr. 26.900.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012 verði orlofsuppbót kr. 27.800.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 verði orlofsuppbót kr. 28.700.

5. gr.

Tækni frjóvgun

Þeir starfsmenn sem þurfa að vera fjarverandi vegna tæknifrjóvgunar halda rétti til greiðslu dagvinnulauna og eftir atvikum vaktaálags skv. reglubundinni vaktskrá (eins og vegna veikinda barns) í allt að 15 vinnudaga vegna aðgerðirnar. Starfsmaður skal skila vottorði frá viðkomandi lækni um aðgerðina.

6. gr.

Samningsforsendur

Samningsaðilar eru sammála um að verði kjarasamningar á almennum vinnumarkaði lausir eða komi til efnislegra breytinga á þeim á gildistíma þessa samnings, verði fulltrúar samningsaðila kallaðir saman til fundar. Á þeim fundi verði metnar breytingar á forsendum og reynt til hins ýtrasta að ná samkomulagi um viðbrögð við þeim.

Ef útséð er um að aðilar nái samkomulagi um viðbrögð, getur hver aðili um sig sagt samningnum lausum.

7. gr.

Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. júní 2011 til og með 31. mars 2014 og rennur þá út án frekari fyrirvara.

8. gr.

Afgreiðsla kjarasamninga

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 14:00 mánudaginn 27. júní 2011.

Fylgiskjöl

Í eftirtöldum fylgiskjöllum eru bókanir og breytingar á þeim köflum kjarasamningsins sem snerta einstakar starfsgreinar.

- Gerviverk og opinber innkaup
- Yfirlýsing um námsleyfi

Reykjavík 23. júní 2011

F.h. Samiðnar

F.h. Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma

Gerviverktaka og opinber innkaup

Opinber innkaup

Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að heilbrigð samkeppni ríki þegar verkefni eru boðin út. Aðilar samnings þessa styðja heilshugar við aðgerðir stjórnvalda sem snúa að breytingum á lögum um opinber innkaup er lúta að því að tryggja eðlilegt samkeppnisumhverfi og réttindi launafólks.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma mun skoða sérstaklega hvernig staðið er að gerð útboðsgagna með það að leiðarljósi að tryggja að þessum markmiðum verði náð í því lagaumhverfi sem gildir í dag.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma munu sérstaklega huga að því að ekki séu möguleikar á gerviverktöku við framkvæmdir á vegum Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

Yfirlýsing um námsleyfi

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) lýsa yfir að þeir séu tilbúnir að skoða fyrirkomulag námsleyfa eins og það kemur fram í kjarasamningi milli Samiðnar og Reykjavíkurborgar. Stefnt er að því að niðurstaða þeirrar athugunar liggi fyrir um áramótin 2011 og 2012 og mun hún verða send Samiðn fyrir 15. janúar 2012.